

## **BORGARRÁÐ 27. júní 2024: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um samstarfsamning við félög eldri borgara - MSS24060128**

Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að borgarráð beini því til sviða borgarinnar að gerðir verði samstarfssamningar við Félag eldri borgara og önnur sambærileg hagsmunafélög eldra fólks. Þau svið sem kæmu helst til greina væri væru menningar- íþróttar og tómstundarsvið, velferðarsvið og skóla - og frístundasvið. Hugmyndin er að Reykjavíkurborg veiti ákveðnu fjárframlagi til félaganna sem ráðstafar því í launagreiðslur fyrir ýmis störf sem félagsmenn tækju að sér.

### **Greinargerð:**

Nefna mætti störf við söfn, eða að félag taki að sér að sinna ákveðnum þjónustu- og umönnunar verkefnum t.d. í tengslum við félags- og tómstundastarf nú eða önnur störf sem félagar í Félögum eldri borgara finna að hæfi sér eða annað það sem kallar á þekkingu og reynslu okkar elstu borgara sem margir hafa lifað tímanna tvenna. Eldra fólk er tilbúið að taka að sér mörg störf í borgarsamfélaginu, störf sem jafnvel fáir geta sinnt betur en eldra fólk sem býr yfir langri lífsins reynslu og sérfræðisþekkingu á mörgum sviðum. Það er til mikils að vinna að laða eldra fólk að í ólík verkefni. Það er hagur allra. Niðurstöður fjölda kannana hafa leitt það í ljós að vinnuframlag eldra starfsfólks er mikils metið. Þá hafa kannanir einnig leitt í ljós að fólk sem er 50 ára og eldra er mun sjaldnar frá vinnu vegna veikinda en yngra fólk og er mun jákvæðara gagnvart vinnunni (Félagsmálaráðuneytið, 2004).